# Byggðarráð Borgarbyggðar - 738 : 2511065 - Fjárhagsáætlun Skorradalshrepps 2026

| | | |
|---|---|---|
| **Til** | : | Skorradalshreppur <skorradalur@skorradalur.is>;Jón Eiríkur Einarsson <jone@skorradalur.is> |
| **Frá** | : | Stefán Broddi Guðjónsson <stefan.gudjonsson@borgarbyggd.is> |
| **Heiti** | : | Byggðarráð Borgarbyggðar - 738 : 2511065 - Fjárhagsáætlun Skorradalshrepps 2026 |
| **Málsnúmer** | : | 2301004 |
| **Málsaðili** | : | Ljóspunktur ehf. |
| **Skráð dags** | : | 30.03.2026 11:02:49 |
| **Höfundur** | : | Stefán Broddi Guðjónsson <stefan.gudjonsson@borgarbyggd.is> |

**Viðhengi** image001.png image001.png

Sæll Jón
Byggðarráð Borgarbyggðar fjallaði á fimmtudag um viðauka 1 við fjárhagsáætlun Skorradalshrepps. Bókun byggðarráðs er hér að neðan og kem ég henni hér með á framfæri. Takk einnig fyrir gott samtal á föstudaginn. Deili hér einnig með ykkur vangaveltum sem komu upp vegna erindisins.
Sameinað sveitarfélag tekur yfir skuldbindingar beggja sveitarfélaga að sameiningu afstaðinni. Er ekki tilefni til að fá niðurstöðu um hvernig eignir og skuldbindingar er varða ljósleiðara verða sameinaðar áður en ráðist er í fjárfestingu eða gjaldfærslu? Uppbygging ljósleiðara í Borgarbyggð hefur farið fram af hálfu Ljósleiðara Borgarbyggðar sem er að fullu í eigu sveitarfélagsins. Sú spurning vaknar því Borgarbyggðarmegin hvort skynsamlegt sé að lagning ljósleiðara að Fitjum verði á vettvangi þess félags, að sameiningu afstaðinni?
Bið ykkur um að hugsa og gott væri að fá viðbrögð.

**2511065 - Fjárhagsáætlun Skorradalshrepps 2026**

*Framlagður viðauki nr. 1 við fjárhagsáætlun Skorradalshrepps fyrir árið 2026.*

Viðauki framlagður. Byggðarráð felur sveitarstjóra að óska eftir samtali við Skorradalshrepp um fyrirkomulag framkvæmda vegna ljósleiðara í Skorradalshreppi.

Samþykkt samhljóða.

**Bestu kveðjur / Best regards**
Stefán Broddi Guðjónsson
Sveitarstjóri Borgarbyggðar
+354 433-7100
+354 856-6959
stefan.gudjonsson@borgarbyggd.is / www.borgarbyggd.is
www.facebook.com/borgarbyggd
-
www.borgarbyggd.is/is/fyrirvari

Um ábyrgð á tölvupósti Þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður til og gætu innihaldið

trúnaðarupplýsingar. Sá sem fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekur við tölvupósti þessum og viðhengjum skal fara eftir 4. mgr. 88. gr. laga um fjarskipti nr. 70/2022 og gæta fyllsta trúnaðar, hvorki lesa né skrá þau hjá sér né notfæra sér efni þeirra á nokkurn hátt og tilkynna sendanda samstundis að upplýsingarnar hafi ranglega borist sér. Brot gegn þessu kann að varða stjórnvaldssekt, skv. m. lið, 1. mgr. 103. gr. og refsingu skv. 104. gr. laganna Email Disclaimer Please note that this e-mail and its attachments are intended for the named addressee only and may contain information that is confidential and privileged. If you have by coincidence or mistake or without specific authorization received this e-mail and its attachments we request that you notify us immediately that you have received them in error, uphold strict confidentiality and neither read, copy, nor otherwise make use of their content in any way.